

**Nr. 17-088 S 065 Valur ST 43 / Freyr ST 111****Árekstrarhætta**

**Freyr ST 111**  
 Skipaskr.nr. 7465  
 Útgerð: ÓBH Útgerð ehf.  
 Smíðaður: Samtak 1997, plast  
 Stærð: 7,75 brl. 7,14 bt.  
 Mesta lengd: 9,17 m Skráð lengd: 9,10 m  
 Breidd: 2,78 m Dýpt: 1,23 m  
 Vél: Volvo Penta 190 kW, 1999.  
 Fjöldi skipverja: 1



Freyr©Jón Halldórsson

**Valur ST 43**  
 Skipaskr.nr. 6684  
 Útgerð: Næstavík ehf.  
 Smíðaður: Bátasmiðja Guðmundar ehf. 1985, plast  
 Stærð: 6,40 bt.  
 Mesta lengd: 9,06 m Skráð lengd: 8,98 m  
 Breidd: 2,56 m Dýpt: 1,38 m  
 Vél: Volvo Penta, 121 kw, 1985.  
 Fjöldi skipverja: 1



Valur©NN

**Gögn:**  
 Gögn RNSA

*Lokaskýrsla afgreidd á fundi 27. nóvember 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 14. júní 2017 voru strandveiðibátarnir Freyr ST 111 og Valur ST 43 við Hraunboða í vestanverðum Húnaflóa. Veður: A 5 m/s.

Freyr ST 111 var nýbyrjaður að kippa á milli veiðisvæða þegar Valur ST 43 kom á mikilli ferð og sigldi mjög nálægt Frey að mati skipstjóra hans. Hann taldi að ekki hefði munað miklu að illa færi.

**Við rannsókn kom fram:**

- að Freyr hafði verið að veiðum og nýbyrjaður að kippa með slóða af tveimur rúllum í sjó;
- að Valur kom upp að bakborðshlið Freys á 25 sml ferð;

- að rétt rúmur meter var á milli bátanna þegar minnst var;
- að skipstjórinn á Val taldi sig vera að mæta bát sem væri á siglingu en sá þegar hann var kominn nær að hann var með veiðafæri úti og á öndverðri stefnu;
- að ekki var rétt lögskráð á Val en sá sem var skráður skipstjóri hafði verið látinn í þrjú ár og fram kom hjá eiganda Vals að um mistök væri að ræða. Hann ætti að vera lögskráður á bátinn en hann var ekki um borð þennan dag sem atvikið átti sér stað vegna veikinda;
- að fram kom hjá Samgöngustofu að lögskráning væri ekki samkeyrð með Þjóðskrá aðeins skírteinisútgáfa.

### *Nefndarálit:*

Nefndin telur að skipstjóri Vals hafi sýnt aðgæsluleysi að sigla svo nærri skipi á öndverðri stefnu.

Nefndin átelur að ekki hafi verið farið að lögum um lögskráningu skipverja.